

Nd. 655. Frumvarp til laga [131. mál].
um stofnun tveggja nýrra prófessorsembætta í læknadeild Háskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal tvö ný prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, annað í lífeðlis- og lífefnafræði og hitt í röntgenfræði. Hið fyrrnefnda skal veitt í fyrsta sinn frá 15. september 1954 að telja, en hið síðarnefnda frá 1. júlí 1952, og skal sá prófessor jafnframt vera yfirlæknir röntgendeildar landsspítalans.

Um prófessora þessa gilda að öllu leyti sömu reglur sem um prófessora þá, sem fyrir eru í háskólanum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.